

## Íbúalýðræði – hver er staðan?

Þessi grein er önnur af þremur sem skrifuð er í tilefni af Evrópskri viku um staðbundið lýðræði, sem nú stendur yfir. Í fyrstu greininni var fjallað um reynsluna af íbúalýðræðum í sveitarfélögum hér á landi. Að þessu sinni beinum við sjónum að því sem er nýjast að gerast, bæði hér á landi og erlendis. Útgangspunkturinn er sá að aukin þátttaka íbúa og hagsmunaaðila í tengslum við ákvarðanatöku, leiði til betri stjórnáætlunar, haldbærari ákvarðana og meiri sáttar og ánægju í samfélaginu. Afraksturinn verður aukið lýðræði í reynd og við fetum hægt og sigandi slóðina í átt að því sem ýmist er kallað staðbundið lýðræði, virkt lýðræði eða þáttökulýðræði.

Þessa daga og vikur blasir það við í okkar litla þjóðfélagi að samræða er grundvöllur þess að rækta samstöðu. Sveitarstjórnir líkt og aðrir þurfa að endurskoða framtíðarsýnina. Erfitt er að sjá fyrir sér hvernig það getur gerst án virkrar þátttöku íbúa. Lýðræðið er að taka á sig nýja mynd.

Lítum á nokkur dæmi um þróunina í öðrum löndum.

Með vikunni um staðbundið lýðræði hvetur Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins til þróunar í þessa átt og er stefnt að því að þetta verði árlegur viðburður. Í Bretlandi hafa stjórnvöld markað stefnu varðandi þátttöku íbúa og hagsmunaaðila á sveitarstjórnarstigunni undir yfirskriftinni „Samfélög við stjórnvölinn – alvöru fólk, alvöru völd“ (e. Communities in Control: real people, real power).

Unnið er að undirbúningi alþjóðlegs staðals um samfélagslega ábyrgð (CSR), ISO 26 000 og er þátttaka almennings skilgreind sem hluti af viðmiðum staðalsins. Með því er litið svo á að fyrirtæki og stofnanir geti ekki sýnt samfélagslega ábyrgð í verki nema með því að vinna þeim samfélögum þar sem þau starfa og starfsemi þeirra hefur áhrif á.

Alþjóðabankinn gaf nýverið út leiðbeiningarritið „Réttindi og þátttaka – þátttaka íbúa í verkefnum sem studd eru af Alþjóðbankanum“ (e. Rights and Participation – Citizen Involvement in Projects Supported by the World Bank, Good Practices in Latin America and the Caribbean). Bankinn er með þessu að viðurkenna þörfina fyrir skýrt ferli, gagnsæi og fagmennsku þegar kemur að því að eiga samvinnu við hagsmunaaðila og íbúa.

Með netinu er nú hægt að ná beinu sambandi við fleiri aðila og hafa verið þrouð ýmis forrit í því skyni. Veraldarvefurinn einn og sér mun þó ekki bera uppi hreyfinguna í átt til staðbundins lýðræðis. Gott dæmi um samspil þar sem netið er notað samhliða „snertifundum“ er Borgarþing í Ástralíu, sem nú unnið að. Þar munu taka þátt 150 almennir íbúar hvaðanæva að úr heimsálfunni. Viðfangsefnið er: „Hvernig gætum við styrkt stjórnkerfið okkar – fyrir fólknið?“ Með því að nota netið samhliða þinginu er áætlað að alls muni um 3.000 manns taka þátt í umræðunni.

Í Kanada eru svæðisbundin yfirvöld skólamála, heilbrigðisstofnanir, Kanadíski blóðbankinn, orku- og námafyrirtæki meðal þeirra sem hafa tekið upp ný vinnubrögð og lagt aukna áherslu á samvinnu við íbúa, notendur og hagsmunaaðila. Árangurinn hefur m.a. skilað sér í skilvirkari forgangsröðun í

þjónustu, betri nýtingu fjármuna og aukinni ánægju þeirra fjölmörgu innan og utan þessara stofnana sem starfsemin snertir.

Hér á landi er nú unnið að tímamótaverkefni þar sem íbúalýðræði er viðfangsefnið. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Landsbanka Íslands vinnur að rannsókn sem „...miðar að því að draga saman lærdóma af deilum undanfarinna ára í sveitarfélögum á Íslandi. ...Á rannsókninni ætti að mega byggja lærdóma og jafnvel þróa aðferðafræði sem gagnast getur sveitarfélögunum í framtíðinni við úrlausn deilumála“. (af vef verkefnisins, sjá [www.stjornmalogstjornsysla.is](http://www.stjornmalogstjornsysla.is)). Rannsóknin stendur í þrjú ár 2008 – 2010 og stýrir Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands, verkefninu.

Dýrmæt umræða um þróun lýðræðis hefur átt sér stað í útvarpsþáttunum „Framtíð lýðræðis“, í umsjá Ævars Kjartanssonar og Ágústar Þórs Árnasonar, á sunnudagsmorgnum á Rás 1.

Ýmis sveitarfélög hafa í vaxandi mæli tekið upp aukna samvinnu við íbúa og má þar nefna Garðabæ, sem árið 2005 hlaut viðurkenningu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir samráð við íbúa og rafræna þjónustu. Nýverið hlaut Reykjavíkurborg tilnefningu til verðlauna Eurocities – samtakanna í flokknum „Þátttaka“ (Participation), fyrir Íbúasamráðsverkefnið 1,2 og Reykjavík.

Spurningin er hvort sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir muni á næstu misserum og árum taka upp nýtt verklag sem felur í sér aukna samvinnu við almenning og hagsmunaaðila. Það er margt sem kallar á slíkt staðbundið lýðræði. Það þýðir ný vinnubrögð og ekki er alltaf ljóst hvernig skuli framkvæma virka þátttöku og samræðu. Í þriðju og síðustu greininni sem skrifuð er í tilefni af viku staðbundins lýðræðis, verður hugað að leiðum og aðferðum sem gefið hafa góða raun.